

Miðvikudaginn 12. júlí 1989.

Nr. 272/1989. Þýsk-íslenska hf.

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Páll Þorsteinsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1989, sem barst Hæstarétti 7. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt og dæmt, að héraðsdómarinn skuli víkja sæti í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., sbr. 1. gr. laga nr. 6/1985, heyra átta borgarfógetar undir borgarfógetaembættið í Reykjavík, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins. Páll Þorsteinsson, héraðsdómari í máli þessu, var skipaður borgarfógeti frá 1. júlí 1981. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 starfar hann sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar. Með erindisbréfi hefur yfirborgarfógeti falið honum „stjórn, eftirlit og verkstjórn þeirra lögtaksgerða, sem Gjaldheimtan krefst, að fari fram“.

Varnaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, er rekinn samkvæmt samningi ríkisins og Reykjavíkurborgar með stoð í lögum nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda. Samkvæmt 2. gr. laganna skulu aðilar gera samning um hlutdeild hvors aðila í kostnaði við innheimtuna.

Héraðsdómarinn fær greidd laun úr ríkissjóði eins og aðrir

dómarar. Fram er komið, að samkvæmt samningum ríkisins og Reykjavíkurborgar um Gjaldheimtuna endurgreiðir Reykjavíkurborg ríkissjóði helming launa héraðsdómarans, og kostnaður við rekstur skrifstofu hans er greiddur af innheimtufé Gjaldheimtunnar, en á grundvelli samnings frá 1962 greiða ríkissjóður og Reykjavíkurborg rekstrarkostnað Gjaldheimtunnar að jöfnu.

Af því, sem nú hefur verið rakið, sést, að aðstaða sú, sem héraðsdómaranum er búin, er með sérstökum hætti. Þrátt fyrir það verður ekki á það fallist, að staða hans gagnvart Gjaldheimtunni komi í veg fyrir, að hann geti gegnt starfa sínum sem sjálfstæður og óháður dómari í málum hennar. Verður honum því ekki talið skylt að víkja sæti í málinu af þessum ástæðum. Með því að ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að hann eigi að víkja sæti samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. júní 1989.

Umboðsmaður varnaraðila hefur krafist þess, að fógeti víki sæti í máli þessu, á þeim grundvelli, að hann sé „eins konar einkadómari gerðarbeiðanda“, sem fjalli nánast ekki um önnur mál en Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og sé rekstrarkostnaður skrifstofu hans m.a. greiddur af innheimtufé Gjaldheimtunnar. Hann telur, að þessi staða fógeta geti ekki samrýmt meginreglum laga um sjálfstæði dómstóla, sbr. 2. gr. stjórnarskrár. Hann vísar og til 6. gr. augl. nr. 11/1954, um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í öllu falli telur hann, að fógeti eigi að víkja sæti skv. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir: „... eða annars, er hætta á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“.

Umboðsmaður sóknaraðila hafði nokkur orð um þessa kröfu varnaraðila. Hann taldi, að áratugalöng hefð væri fyrir því, að sérstakur fógeti færi af hagkvæmnisástæðum með lögtaksbeiðnir Gjaldheimtunnar í Reykjavík, m.a. vegna fjölda þeirra. Hann benti á, að Hæstiréttur hefði aldrei í dómum sínum gert athugasemd um þessa stöðu fógeta gagnvart Gjaldheimtunni þrátt fyrir mörg tækifæri, enda væri þar erfitt um vik, þar sem alkunna væri, að bæjarfógetar, sýslumenn og innheimtumenn ríkis-

sjóðstekna færu oft í sömu persónu, en því væri a.m.k. ekki til að dreifa í Reykjavík. Hann taldi það og engu máli skipta í þessu sambandi, á hvern hátt hið opinbera aflaði fjár til að kosta rekstur dómstóla, og að krafa um, að fógæti viki sæti af framangreindum ástæðum, þjónaði engum tilgangi nema til að tefja málið í heild. Hann lýsti yfir því, að hann sæi ekki neina ástæðu til að ætla, að þessi fógæti gæti ekki skorið úr þeim ágreiningi aðila, hvort lögtak ætti að ná fram að ganga eða ekki, á hlutlægan hátt. Að öðru leyti taldi hann, að fógæti mundi sjálfur meta, hvort hann teldi sig geta litið hlutdrægnislaust á þetta sérstaka mál eða ekki. Umboðsmaður varnaraðila taldi, að ekkert fordæmi væri fyrir því, að Hæstiréttur hefði þurft að taka afstöðu til kröfu um, að fógæti í þessari stöðu gagnvart Gjaldheimtunni í Reykjavík viki sæti, og teldi hann sér þó skylt að gera fyllstu kröfur um réttaröryggi fyrir umbjóðanda sinn. Hann sagði, að sú skipan, sem vísað væri til varðandi fógæta, er með þetta mál færi, væri fjarri lagi, ef telja ætti hann óháðan dómara; staða sýslumanna væri allt önnur og almennari en staða fógæta með mál fyrir einn gerðarbeiðanda.

Ekki hefur komið fram, að varnaraðili ætli, að fógæti beri óvildarhug til sín. Sjálfur veit fógæti ekki til þess, að hann sé á nokkurn hátt tengdur eða hafi haft afskipti af varnaraðila, er geri hann vanhæfan til að kveða upp úrskurð um lögtaksbeiðni þá, er um er deilt. Krafa varnaraðila, að fógæti viki sæti, byggist á stöðu fógæta gagnvart Gjaldheimtunni í Reykjavík, og verður því að fara um hana nokkrum orðum.

Árið 1975 var hann ráðinn deildarstjóri innheimtudeildar Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og gegndi hann því starfi til 1. júlí 1981, er hann var skipaður borgarfógæti. Síðan hefur hann starfað sem fógæti, að mestu við þær lögtaksgerðir, sem Gjaldheimtan í Reykjavík hefur krafist, að fram færu hér í umdæminu, og leyst úr þeim réttarágreiningi, er þær vörðudu. Sú skipan, að sérstakur fógæti og fógætafulltrúar sjái nær eingöngu um verkefni frá þessum einstaka gerðarbeiðanda, hefur tíðkast, síðan Gjaldheimtan í Reykjavík var stofnuð árið 1962, og raunar voru fyrir þann tíma sérstakir fulltrúar fógæta, sem eingöngu unnu að verkefnum að þessu leyti fyrir tollstjóra og Reykjavíkurborg. Fógæti telur, að sér sé ekki unnt að fallast á kröfu um að víkja sæti vegna aðstöðu og afstöðu sinnar almennt gagnvart Gjaldheimtunni í Reykjavík án þess að kasta rýrð á allar lögtaksgerðir og lögtaksúrskurði hingað til, sem hann og forverar sínir í þessari stöðu hafa gert, og væri hann sannfærður um, að ætti hann að víkja sæti, eins og kröfu er háttað, væri það viðurkenning þess, að skipan sín í þetta starf hefði verið lögleysa frá upphafi.

Þar sem nú umboðsmaður varnaraðila hefur ekki tíundað neitt í sambandi við umbjóðanda sinn og fógæta, sem geri fógæta vanhæfan til að leggja úrskurð á málið, heldur krafist almennra réttarúrbóta, sem að sínu

leyti eiga ekki frekar heima fyrir dómstólum en krafa um, að dómari láti í ljós almennt lögfræðilegt álit sitt, telur fógæti sig ekki vanhæfari til að sinna þessu máli en öðrum hingað til, þar sem Gjaldheimtan í Reykjavík hefur verið aðili máls.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila um, að fógæti málsins víki sæti, er hafnað.
